

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979:

Kolmunnamjöl, \$ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979:

Spærlingsmjöl, \$ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Grindavík.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn heimilisþjónustunnar í Grindavík. Dagleg umsjón með framkvæmd hennar er í höndum bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis eða ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem félagsmálaráð metur gildar, að hjálpar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, slysa eða af öðrum orsökum. Hjálpin veitist þann tíma sem félagsmálaráð ákveður hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi:

1. Aðstoð við aldraða og sjúka í þeim tilgangi, að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum.
2. Aðstoð við fatlaða sem búa einir og aðstoð við mæður með fötluð börn.
3. Önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

3. gr.

Heimilisþjónustan skal leitast við að hafa jafnan einn mann tiltækan við heimilisþjónustu.

4. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur ákveður launakjör starfsmanna heimilisþjónustunnar.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna skal greitt eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn Grindavíkur setur og ráðherra staðfestir. Heimilt skal vera að vikja frá gjaldskrá þessari til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem félagsmálaráð metur gildar.

6. gr.

Skrifstofa Grindavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar. Skulu reikningar endurskoðaðir árlega, með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.